

Breyting á aðalskipulagi. Smábátahöfn í Sandgerðisbót

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt til samræmis við tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi smábátahafnarinnar í Sandgerðisbót.

Skipulagsbreytingin fellur ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áetlana (105/2006). Smábátahöfnin og áformuð dælu- og hreinsistöð fráveitu eru undir stærðarmörkum í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000).

Megintilgangur með nýju deiliskipulagi er að bæta innsiglinguna í smábátahöfnina og bæta aðstöðuna þar fyrir smábátasjómenn að öðru leyti. Til samræmis þarf að gera minni háttar breytingar á afmörkun landnotkunarreita í aðalskipulagi og gera minni háttar landfyllingu við innsiglinguna.

Breyting á skipulagsuppdrætti

Athafnasvæði 1.32.1 A: Minni háttar breyting á afmörkun svæðisins á norður-mörkum við Ösvör.

Hafnarsvæði 1.32.2 H: Landfylling gerð við innsiglingu, grjótgardur inni í höfninni fjarlægður og minni háttar lagfæring gerð á strandlínu innst í höfninni til samræmis við núverandi stöðu og uppfært grunnkort. Mörkum við svæði 1.32.1 A breytt við Ösvör. Mörk við svæði 1.32.3 I lagfærð og mörk við íbúðarsvæði 1.32.5 Íb lagfærð til samræmis við gildandi lóðamörk.

Iðnaðarsvæði 1.32.3 I: Mörk svæðis samræmd endanlegri afmörkun lóðar í deiliskipulagi.

Annað:

Sett er inn tákn fyrir fráveitumannvirki á opnu svæði norðan Krossanesbrautar. Þar er nú yfirfallsmannvirki í fráveitukerfi Akureyrarbæjar. Lagfærður skýringartexti við dælustöðvar fráveitu (D).

Útrás fráveitu leiðrétt til samræmis við hönnun (lítafs háttar hliðrun).

Breytingar á greinargerð

Eftirtalдар breytingar verða á ákvæðum um landnotkunarreiti (önnur ákvæði óbreytt).

Kaffli	Svæði	Gildandi skipulag	Breytt skipulag
4.2 Íbúðarsvæði	1.32.5 Íb	Stærð: 1,9	Stærð: 2,0
4.6 Athafnasvæði	1.32.1 A	Stærð: 5,1 Skipulagsákvæði: Óbreytt	Stærð: 5,0 Skipulagsákvæði: Uppbygging skv. deiliskipulagi
4.7 Iðnaðarsvæði	1.32.3 I	Stærð: 1,1	Stærð: 1,2
4.8 Hafnarsvæði	1.32.2 H	Stærð: 4,5	Stærð: 4,7
4.25 Landfyllingar <i>Ný lína í töflu</i>	1.32.2 H		Stærð: 0,3 Svæði: Landfylling í Sandgerðisbót. Lýsing: Lagfæringar á hafnar-aðstöðu. Skipulagsákvæði: Uppbygging skv. deiliskipulagi.

Áhrifamat

Aðalskipulagsbreytingin er gerð til samræmis við deiliskipulagstillögu. Breytingin hefur hvorki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir né landsáætlanir. Um er að ræða nauðsynlegar endurbætur m.a. af öryggisástæðum sem felast í minni háttar lagfæringum, sem ekki hafa nein áhrif á umhverfið umfram það sem þegar er orðið. Enginn munur er á umhverfisáhrifum „núllkosta“ og breytinga.

Breytingin stangast ekki á við umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda.

Einungis gerð hreinsi- og dælustöðvar fráveitu á svæðinu hefur áhrif á umhverfið. Stöðin er ekki viðfang þessarar breytingar. Ekki er talin ástæða til þess að viðhafa sérstakar mótvægisáðgerðir eða vöktun vegna framkvæmda við smábátahöfnina.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann _____

_____ bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. þann _____

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018 ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR



Skipulagsdeild Akureyrarbæjar


BREYTING
Smábátahöfn í Sandgerðisbót

Mælikvarði 1:10.000


Dags. 10. des. 2008



Skjalavörðuneytið
Gylfi Guðjónsson
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar hf.



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

SKÝRINGAR LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- F Svæði fyrir fristundabyggð
- Ó Öbyggð svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- N Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- N Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruinjasrá
- S Strandsvæði í flokki B
- E Efnistökusvæði
- L Landfylling
- Ný strandlína, útgrafið
- F Formminjar
- Blönduð landnotkun
- S Stofnanasvæði með útivistargildi

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- Flutningslínur rafveitukerfis
Lofnir
- Flutningslínur rafveitukerfis
Jafnvægi
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu
- Ljósleiðari
- Dælustöðvar fráveitu og fráveitumannvirki

Grunnkort:
Umhverfisdeild Akureyrar
Myndmældur hæðarlínugrunnur